

# **Fjölbrautaskóli Suðurnesja**

**02 353**

**Ársreikningur 2023**

## **Efnisyfirlit**

**Bls.**

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum .....	<b>6</b>
Skýringar .....	<b>7</b>

**Fjölbautaskóli Suðurnesja**

**kt. 661176-0169**

**Sunnubraut 36, 230 Reykjanesbær**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hlutverk skólans er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi. Það er stefna Fjölbautaskóla Suðurnesja að vera einn af bestu framhaldsskólum landsins og bjóða menntun í hæsta gæðaflokki og bjóða Suðurnesjamönnum upp á fjölbreytt nám í heimabyggð í samræmi við áhuga og getu. Unnið verði í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla og áhersla lögð á grunnþætti menntunar: læsi, sjálfbærni, jafnrétti, sköpun, lýðræði og mannréttindi, heilbrigði og velferð.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 1.855,5 milljónir og afkoma kr. 0,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 0,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 0,2 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikninginn fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Kristján Pétur Ásmundsson  
Skólameistari

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	1.689.736.264	1.566.108.224
Aðrar tekjur .....	3	14.606.000	11.976.000
Seld þjónusta .....	4	39.035.397	26.674.256
Vörusala .....		14.118.475	15.019.540
Framlög og ýmsar tekjur .....	5	75.560.413	78.714.569
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		65.611	268.571
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	<u>22.380.473</u>	<u>20.652.121</u>
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.855.502.633</b>	<b>1.719.413.281</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	6	1.353.945.678	1.263.292.155
Annar rekstrarkostnaður .....	7	466.399.507	415.470.302
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		545	791
Afskriftir og niðurfærslur .....	8	<u>22.380.473</u>	<u>20.652.121</u>
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.842.726.203</b>	<b>1.699.415.369</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b><u>12.776.430</u></b>	<b><u>19.997.912</u></b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>			
Handbært fé .....	9	22.937.114	5.170.702
Viðskiptakröfur .....		909.513	0
Tengdir aðilar .....	10	224.122.488	250.076.961
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	11	12.044.414	9.876.563
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	12	122.431.975	101.415.571
Óefnislegar eignir .....	13	189.415	263.171
<b>Eignir samtals</b>		<u>382.634.919</u>	<u>366.802.968</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	10	926.685	920.432
Viðskiptaskuldir .....		5.269.261	8.504.213
Ýmsar skammtímaskuldir .....	14	99.099.201	102.384.508
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	15	108.706.435	99.136.908
<b>Skuldir samtals</b>		<u>214.001.582</u>	<u>210.946.061</u>
<b>Eignir samtals að frádrögnum skuldum samtals</b>		168.633.337	155.856.907
<b>Eigið fé</b>	16		
Hrein eign .....		168.633.337	155.856.907
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>168.633.337</u>	<u>155.856.907</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>382.634.919</u>	<u>366.802.968</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	17		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		12.776.430	19.997.912
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	8	22.380.473	20.652.121
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(22.380.473)	(20.652.121)
		<u>12.776.430</u>	<u>19.997.912</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(3.077.364)	(1.494.395)
Tengdir aðilar .....		14.587.605	(42.943.976)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(6.520.259)	18.479.756
		<u>4.989.982</u>	<u>(25.958.615)</u>
		<u>17.766.412</u>	<u>(5.960.703)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	12	(43.323.121)	(26.195.370)
		<u>(43.323.121)</u>	<u>(26.195.370)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		11.373.121	0
Fjárfestingarframlag .....		29.100.000	26.145.370
		<u>43.323.121</u>	<u>26.195.370</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		17.766.412	(5.960.703)
		<u>5.170.702</u>	<u>11.131.405</u>
		<u>22.937.114</u>	<u>5.170.702</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023 .....	1.599.800.000	29.100.000	1.628.900.000
<b>Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum .....</b>	<b>1.599.800.000</b>	<b>29.100.000</b>	<b>1.628.900.000</b>
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda .....			
Launabætur .....	68.300.000		68.300.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	21.636.264		21.636.264
<b>Fjárveiting ársins .....</b>	<b>1.689.736.264</b>	<b>29.100.000</b>	<b>1.718.836.264</b>
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað) .....	155.856.907	(2.541.834)	153.315.073
<b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>	<b>1.845.593.171</b>	<b>26.558.166</b>	<b>1.872.151.337</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	(1.676.959.834)	(43.323.121)	(1.720.282.955)
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2023 .....</b>	<b>168.633.337</b>	<b>(16.764.955)</b>	<b>151.868.382</b>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af Innritunargjöldum..

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.



# Skýringar

## Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstæði og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningssskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsagjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsagjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

## Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

## Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

2023 2022

### 2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins .....	1.689.736.264	1.566.108.224
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	22.380.473	20.652.121
	<u>1.712.116.737</u>	<u>1.586.760.345</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	1.599.800.000	0	0	1.599.800.000
Fjáraukalög .....	0	0	0	0
Launabætur .....	68.300.000	0	0	68.300.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	21.636.264	0	0	21.636.264
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.689.736.264</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1.689.736.264</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(1.676.959.834)	0	0	(1.676.959.834)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>12.776.430</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>12.776.430</b>

2023 2022

### 3 Aðrar tekjur

Sala á vöru og þjónustu .....	14.606.000	11.976.000
	<u>14.606.000</u>	<u>11.976.000</u>

### 4 Seld þjónusta

Ýmsar þjónustutekjur .....	924.552	929.160
Veitinga- og gistipjónusta .....	38.110.845	25.745.096
	<u>39.035.397</u>	<u>26.674.256</u>

### 5 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	1.122.675	664.000
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	44.630.059	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	13.837.179	63.648.569
Ýmsar tekjur .....	15.970.500	14.402.000
	<u>75.560.413</u>	<u>78.714.569</u>

### 6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	1.099.355.404	1.011.551.329
Orlof, breyting .....	(4.174.823)	13.507.024
Launatengd gjöld .....	251.309.596	231.168.561
Starfsmannakostnaður .....	7.455.501	7.065.241
	<u>1.353.945.678</u>	<u>1.263.292.155</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	90,3	83,2
------------------------------	------	------

## Skýringar

	2023	2022
<b>7 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	3.558.914	3.086.632
Byggingarvörur, almennar .....	0	18.918
Byggingarvörur, aðrar .....	33.832	0
Ýmis tæki og áhöld .....	3.812.711	4.433.790
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	1.798.614	1.000.525
Orkugjafar .....	17.839.369	16.403.104
Matvæli .....	39.940.092	27.375.841
Almennar rekstrarvörur .....	3.714.521	3.452.044
Vörukaup, almenn	70.698.053	55.770.854
Kennslu- og föndurvörur .....	21.631.576	22.261.816
Ýmsar sérgreindar vörur .....	15.150	23.000
Vörukaup, sérgreind	21.646.726	22.284.816
Fundir, námskeið, risna .....	1.136.851	1.457.221
Ferðir, uppihald .....	7.386.125	4.547.952
Akstur .....	4.290.734	2.894.797
Sérfræðiþjónusta .....	25.528.562	32.219.679
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	1.149.875	997.520
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	1.054.981	1.095.771
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	2.696.655	1.456.397
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	43.243.783	44.669.337
Afnotagjöld .....	7.922.432	4.047.572
Leigugjöld .....	267.514.428	244.061.950
Notkun véla og flutningatækja .....	566.067	525.916
Verkkaup .....	52.577.237	39.092.760
Kostnaðarhlutdeild .....	1.700.920	4.158.332
Tryggingar, lögboðnar .....	106.140	97.173
Opinber gjöld .....	73.000	64.600
Tilfærslur .....	350.721	696.992
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	330.810.945	292.745.295
Annar rekstrarkostnaður samtals	466.399.507	415.470.302
<b>8 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	19.263.956	18.168.517
Farartæki og vélar .....	2.681.305	2.308.248
Aðrar eignir .....	361.456	101.600
Niðurfærsla óefnislegra eigna .....	73.756	73.756
	22.380.473	20.652.121
	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
<b>9 Handbært fé</b>		
Sjóðir .....	14.000	14.000
Tékkareikningar .....	15.625.094	5.056.992
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum .....	7.298.020	99.710
	22.937.114	5.170.702

## Skýringar

31.12.2023 31.12.2022

### 10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	224.122.488	250.076.961
	<u>224.122.488</u>	<u>250.076.961</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila .....	926.685	920.432
	<u>926.685</u>	<u>920.432</u>

### 11 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	1.870.476	1.080.054
Skattar .....	10.173.938	8.796.509
	<u>12.044.414</u>	<u>9.876.563</u>

### 12 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	87.652.064	68.665.454
Farartæki og vélar .....	25.620.536	27.586.508
Aðrar eignir .....	9.159.375	5.163.609
	<u>122.431.975</u>	<u>101.415.571</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2023 .....	233.065.270	39.936.803	5.846.078	278.848.151
Viðbætur á árinu .....	38.250.566	715.333	4.357.222	43.323.121
	<u>271.315.836</u>	<u>40.652.136</u>	<u>10.203.300</u>	<u>322.171.272</u>
Afskriftir 01.01.2023 .....	164.399.816	12.350.295	682.469	177.432.580
Afskrift ársins .....	19.263.956	2.681.305	361.456	22.306.717
	<u>183.663.772</u>	<u>15.031.600</u>	<u>1.043.925</u>	<u>199.739.297</u>
Staða 31.12.2023 .....	<u>87.652.064</u>	<u>25.620.536</u>	<u>9.159.375</u>	<u>122.431.975</u>

### 13 Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir .....	189.415	263.171
--------------------------	---------	---------

Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2023:

	Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2023 .....	368.780
	<u>368.780</u>
Niðurfært 01.01.2023 .....	105.609
Niðurfærsla ársins .....	73.756
	<u>179.365</u>
Staða 31.12.2023 .....	<u>189.415</u>

## Skýringar

	31.12.2023	31.12.2022
<b>14 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	73.269.130	77.443.953
Önnur ógreidd gjöld .....	25.830.071	24.940.555
	<u>99.099.201</u>	<u>102.384.508</u>

### 15 Frestun tekjufærslu fjárfestinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárfestinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2023	31.12.2022
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárfestinga .....	122.621.390	101.678.742
Ónotuð fjárfesting til fjárfestinga (Umframráðstafað) .....	(13.914.955)	(2.541.834)
	<u>108.706.435</u>	<u>99.136.908</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestingafjárfesting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2023 .....	101.678.742	(2.541.834)	99.136.908
Fjárfestingarfjárfesting ársins .....	0	29.100.000	29.100.000
Gjafir til fjárfestinga .....	0	2.850.000	2.850.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	43.323.121	(43.323.121)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(22.380.473)	0	(22.380.473)
	<u>122.621.390</u>	<u>(13.914.955)</u>	<u>108.706.435</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 14,8 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

### 16 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2023	31.12.2022
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	155.856.907	135.858.995
Afkoma ársins .....	12.776.430	19.997.912
Jöfnuður 31.12. ....	<u>168.633.337</u>	<u>155.856.907</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

## Skýringar

### 17 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert tímabundna skuldbindandi samninga um Sunnubraut 36, Íþróttahús og sundlaug og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 287,8 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 39,2 milljónum og aðra samninga kr. 54,9 milljónum.

#### *Veittar ábyrgðir*

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.